



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþingi Hafréttarstofnunar Íslands
og utanríkisráðuneytis**

**Reykjavík
2. júní 2023**

Forystusveit Hafréttarstofnunar Íslands,
forseti lagadeildar Háskóla Íslands,
aðrir góðir gestir.

Ég fagna því að fá að flytja hér nokkur orð, við upphaf þessarar fróðlegu og vel til fundnu ráðstefnu um hafréttarsamninginn nýja sem lýtur að líffræðilegri fjölbreytni hafsins utan lögsögu ríkja. Hann bætist við tvo aðra samninga sem byggja á hinum mikla Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna sem samþykktur var árið 1982, fyrir 41 ári.

„Föðurland vort hálft er hafið“, segir í sálmi Jóns Magnússonar frá miðri síðustu öld og lengi var sú braglína kjörorð Landhelgisgæslunnar. Við Íslendingar eigum meira en flestar þjóðir undir því að auðlindir sjávar verði aðeins nýttar á sjálfbæran hátt. Innan okkar eigin lögsögu hefur gengið á ýmsu í þeim efnum og gerir enn. Ugglaust eru allir landsmenn sammála um nauðsyn þess að stýra fiskveiðum og horfa til lengri tíma í stað þess að heimila hömlulausa sókn í von um skjótfenginn gróða. Á hinn bóginn hefur aldrei náðst breið sátt um fyrirkomulag okkar fiskveiðistjórnunarkerfis enda fylgja því bæði kostir og gallar eins og sagan hefur sýnt.

Og hér horfum við víðar yfir sviðið, út fyrir efnahagslögsöguna. Oft var þörf en nú er nauðsyn. Saman þurfa þjóðir heims að verja lífríki úthafanna og sporna við mengun, reyna af fremsta megni að vinna gegn hlýnun og súrnun sjávar af manna völdum og stemma stigu við ofveiði og eyðileggingu vistkerfa. Óvíða má finna eins óræk teikn um nauðsyn alþjóðasamvinnu og alþjóðasamninga.

Ágætu áheyrendur: Nú er það svo að við Íslendingar höfum ekki alltaf verið eins hrifnir af vægi alþjóðalaga eða ákvæðum samninga á sviði hafréttar. Ég vona að mér fyrirgefist að líta um öxl – hér á eftir verður sjónum jú frekar beint fram á veg.

Árið 1901 gekk í gildi samningur danskra og breskra stjórnvalda um þriggja mílna landhelgi umhverfis Ísland og sú varð lögsagan því í raun. Tíminn leið og gremju gætti um stöðu mála. Ólafur Thors varð fimm sinnum forsætisráðherra, lengur formaður Sjálfstæðisflokksins en nokkur annar til þessa og enginn veifiskati. Hann hefði viljað losna undan þriggja mílna samningnum en á árunum milli stríða benti hann á að það væri hægara sagt en gert. „Um landhelgi hvers lands gilda alþjóðareglur,“ sagði hann á Alþingi, „og er því ekki hægt að gera öruggar breytingar á þeim nema samþykki annarra þjóða komi til, og þá fyrst og fremst Bretlands“.

Skömmu eftir lok síðari heimsstyrjaldar tók Bjarni Benediktsson í sama streng, annar forystumaður í Sjálfstæðisflokknum og íslenskum stjórnámálum. „Alþjóðalög gilda í þessu efni og við höfum ekki mátt til að framfylgja öðru en því sem stórveldin vilja viðurkenna,“ sagði hann og var viss í sinni sök.

En nú gerum við langa sögu stutta. Alþjóðalög voru að þróast okkur í vil og með þann vind í seglin létu íslenskir ráðamenn til skarar skríða, færðu fiskveiðilögsöguna fyrst út í fjórar mílur árin 1950–1952 og svo 12 árið 1958. Þá hófst þorskastríð, Bretar sendu herskip á miðin og við ofurefli var að etja á þeim slóðum. Á vettvangi hafréttar áttu þeir bresku þó í vök að verjast, sífellt fleiri ríki aðhylltust víða lögsögu, 12 mílur eða meira. Það olli því að einn stjórnmalamaðurinn enn sem ég nefni hér, Ólafur Jóhannesson, sagði þetta á Alþingi árið 1960 um smáþjóð og alþjóðalög:

Og vissulega er það svo að smáþjóð verður að varast að ganga svo langt að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls því að sannleikurinn er sá að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum, af því að hún hefur ekki valdið til þess að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin. Þess vegna hefði að mínu viti hvert eitt spor í þessu máli átt að vera þannig undirbúið að við hefðum verið við því búnir að leggja það undir úrlausn alþjóðadómstóls.

Fyrsta þorskastríðinu lauk með samningum árið 1961, fyrst við Breta og svo Vestur-Þjóðverja. Sjaldan hefur verið tekist eins harkalega á um nokkurt mál á Alþingi, ekki síst það ákvæði að risi aftur ágreiningur við þessar þjóðir um útfærslu fiskveiðilögsögunnar mætti skjóta honum til Alþjóðadómstólsins í Haag.

Viðreisnarflokkarnir svonefndu voru í stjórn, Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur, og Bjarni Benediktsson kallaði samninginn við Breta einn mesta

stjórnmalasigur sem Íslendingar hefðu unnið. Lúðvík Jósepsson, forystumaður Alþýðubandalagsins í landhelgismálum, sagði hins vegar að samningar væru svik. Framsóknarmaðurinn Ólafur Jóhannesson var líka í stjórnarandstöðu og mótmælti þessum undanslætti þrátt fyrir fyrri orð um skjól hjá alþjóðadómstóli ef svo bæri undir.

Enn gerum við langa sögu stutta. Áratug síðar, sumarið 1971, eru stjórnarskipti. Ólafur verður forsætisráðherra, Lúðvík sjávarútvegsráðherra og ári síðar er lögsagan færð út í 50 mílur. Aftur fer svo að Bretar senda herskip á miðin en hvað með málskotið til Haag? Jú, íslenskir ráðamenn sögðu að kringumstæður væru breyttar, hætta á ofveiði og lífshagsmunir þjóðarinnar í veði. Af þeim sökum hefði Alþjóðadómstóllinn ekki lögsögu í deilunni og Íslendingar myndu ekki senda þangað málsvara.

Bretar og Vestur-Þjóðverjar mótmæltu harðlega, sögðu samninga í gildi og rétturinn taldi sig hafa fulla lögsögu í málinu. Í hátíðarræðu um þessar mundir sagði forseti hans að ríki gætu vissulega hunsað hann án þess að við því væru viðurlög en svo bætti hann við þessum áhrínsordum: „Þau ríki sem ákveða að gangast ekki undir úrskurðarvald dómstólsins munu engu að síður þurfa að þola þann dóm sem enginn fær forðast: dóm sögunnar.“

Kæru áheyrendur: Þegar annir leyfa gríp ég stundum í að skrifa sögu þessara átaka. Ekki mun ég kveða upp dóm sögunnar í eitt skipti fyrir öll – enginn er fær um það. Aftur á móti þarf ég að komast að niðurstöðu um hvort rétt hafi verið að viðurkenna ekki lögsögu Alþjóðadómstólsins eða hvort ráðamenn okkar hefðu í það minnsta átt að grípa til varna þar þó ekki væri nema til þess að reyna að sannfæra hina lærðu dómara um að í raun ættu þeir ekki að láta málið til sín taka.

Hér þarf að gæta að ýmsum sjónarmiðum og sú er gjarnan raunin þegar fullveldisréttur og alþjóðasamvinna vegast á. Við Íslendingar hefðum aldrei getað náð fullum yfirráðum yfir auðlindum hafsins umhverfis landið ef alþjóðalög hefðu ekki þróast okkur í vil. En við hefðum ekki heldur getað náð þeim yfirráðum eins fljótt og raun bar vitni ef við hefðum aldrei gripið til aðgerða sem máttu teljast í bága við alþjóðalög.

Í hafréttinum sést svo vel mikilvægi fullveldis annars vegar og alþjóðlegra reglna hins vegar. Ætíð getur reynst vandasamt að rata hér milliveg en það er bráðnauðsynlegt. Þess vegna hlýtur það að teljast fagnaðarefni að samkomulag náðist um gerð þess samnings sem hér verður fjallað um. Fulltrúar Íslands á þeim vettvangi eiga þakkir skildar og einnig öll þau sem hér munu fjalla um mikilvæg málefni.